

Sp.

434. Beiðni um skýrslu

frá forsætisráðherra um kaup á togara fyrir Útgerðarfélag Norður-Þingeyinga á Þórshöfn.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen, Þorv. Garðari Kristjánssyni, Eiði Guðnasyni, Eyjólfvi Konráð Jónssyni, Sighvati Björgvinssyni, Agli Jónssyni, Guðmundi Karlssyni, Friðrik Sophussyni, Kjartani Jóhannssyni, Geir Hallgrímssyni.

Með vísan til 31. gr. laga um þingsköp Alþingis óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því, að forsætisráðherra flytji Alþingi skýrslu vegna kaupa á togara fyrir Útgerðarfélag Norður-Þingeyinga á Þórshöfn.

Alþingi, 18. febr. 1981.

Matthías Á. Mathiesen, Þorv. Garðar Kristjánsson, Eiður Guðnason, Eyjólfur K. Jónsson, Sighvatur Björgvinsson, Egill Jónsson, Guðmundur Karlsson, Friðrik Sophusson, Kjartan Jóhannsson, Geir Hallgrímsson.

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.

G r e i n a r g e r ð .

Það er ljóst öllum þeim sem fylgst hafa með kaupum á togara fyrir Útgerðarfélag Norður-Þingeyinga, að skiptar skoðanir eru á forsendum, upphafi og meðferð þess máls. Fram hefur komið að ráðherrar segja sitt hvað um samþykktir ríkisstjórnar og ekki er með öllu sami skilningur á samskiptum ríkisstjórnar og stjórnar Framkvæmdastofnunar.

Því er þess óskað, að forsætisráðherra gefi Alþingi skýrslu um mál þetta hið fyrsta, þar sem birtar verði samþykktir ríkisstjórnarinnar, stjórnar Framkvæmdastofnunar, bréf sem rituð hafa verið af þessum aðilum, svo og gerð grein fyrir munnlegum skilaboðum, sem farið hafa á milli þessara aðila.